

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

13. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 10. janúar 2017 í skrifstofu 1. hæð Íþróttahúsínu við Strandgötu.

**Mættir:** Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Sigurjón Andersen (KK), Þórarinn Sófussón (GSE), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ingvar Kristinsson (Björk), Ragnar Hilmarsson (Þyrtur), Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH) og Ólafur Ragnarsson (Fjörður).  
**Forföll:** Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Viðar Halldórsson (FH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Karl Georg Klein (SH), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Þórunn Ansnes (Sörli) og Magnús Gunnarsson (Haukar).

## Dagskrá:

### 1. Yfirlit lottógreiðslna til aðildarféлага ÍBH frá ágúst til nóvember 2016

Lagt fram til kynningar og samþykkt.

### 2. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2016

Hátíðin í heild sinni rædd og farið yfir hvað má bæta fyrir næsta ár. Framkvæmdastjóri ÍBH kemur þeim atriðum til Íþrótt- og tómsfundanefndar Hafnarfjarðarbæjar.

### 3. Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi

Farið yfir bréf frá ÍSÍ frá 4. janúar sl. um málefnið. Athygli vakin á skjali sem er að finna á heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla, forvarnir, sem íþróttafélög geta nýtt sér við manna ráðningar, en þar veitir sá sem ráða á til starfa samþykki um uppfléttingu í sakaskrá. Einnig var vakin athygli á bæklingi um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum og unglingum í íþróttum sem byggður er á bæklingi sem gefinn var út af Íþrótt- og Ólympíusambandi Danmerkur en staðfærður til að passa inn í aðstæður íþróttahreyfingarinnar hér á landi. Bæklinginn er m.a. á heimasíðu ÍSÍ undir fræðsla en einnig er hægt að fá hann sendan í prentaðri útgáfu frá ÍSÍ. Í bréfinu var ennfremur bent á að ef málefni af þessum toga koma upp, ber að tilkynna annað hvort til lögreglu í síma 112 eða til barnaverndaryfirvalda.

### 4. Stuðningur sveitarfélaga við skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf 2016

Farið yfir grein úr Skinfxa tímariti Ungmennafélags Íslands 4. tbl. 107. árg. 2016 um málefnið. Niðurgreiðslur / frístundastyrkir mismunandi sveitarfélaga ræddar. Markmið UMFÍ er að taka upplýsingar saman til samanburðar og að vera með lifnandi skjal á heimasíðu samtakanna.

### 5. Felix félagakerfi ÍSÍ

Unnið er að endurbótum kerfisins og er stefnt að því að það verði tilbúið í febrúar á þessu ári.

### 6. Viðhald og nýframkvæmdir íþróttamannvirkja í Hafnarfirði 2017

Upplýsingar frá íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar frá 5. desember 2016 lagðar fram til kynningar. Þar koma m.a. eftirfarandi upplýsingar fram:

Flýti framkvæmdasamningur er í gangi við FH í Kaplakrika, m.a. vegna aðgengis fatlaðra, aðkomu að íþróttamannvirkjum og einangrunar og klæðningar frjálsíþróttahúss 67 milljónir.

Hafnar verði framkvæmdir við endurnýjun á gervigrasi í Kaplakrika 70 milljónir.

Hafnar verði framkvæmdir við nýtt æfingahús á Ásvöllum 200 milljónir.

Hafnin verður malbikun að skotæfingasvæðinu 10 milljónir.

Flýti framkvæmdasamningur er í gangi við Keili vegna breytinga á völlum félagsins 13,5 milljónir.

- 7. Fundarboð – Vinnuhópur um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ**  
ÍSÍ boðar til fundar með fulltrúum fimm fjölmennustu íþróttahéraðanna og er hverju héraði heimilt að skrá tvo fulltrúa á fundinn sem fer fram þriðjudaginn 17. janúar nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ákveðið að formaður stjórnar Afreksmannasjóðs ÍBH og framkvæmdastjóri ÍBH fari fyrir hönd ÍBH á fundinn.
- 8. Kynning á skýrslu ÍBH. Ánægja í íþróttum 2016**  
Könnunin var lögð fyrir nemendur í 8.-10. bekk á landsvísu í febrúar 2016. Rannsóknir og greining sáu um úrvinnslu gagna og gerð skýrslunnar. Aðildarfélög ÍBH geta keypt sérskýrslu fyrir sitt félag sem unnin er úr sömu gögnum.
- 9. Önnur mál**  
Enginn.

Fleira ekki gert.  
Fundur hófst kl. 18.00 og lauk kl. 19.10.  
Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.